

Héraðsskjalasafn
Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2023
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Yfirlit um starfsemi 2023

Árið 2023 var viðburðaríkt fyrir margra hluta sakir. Fjöldi fyrirspurna og erinda var með mesta móti, ráðgjöf starfsfólks vegna skjalahalds og skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra hverfðist um rafræn skil og undirbúning skila á rafrænum gagnasöfnum og þá tók starfsfólk á móti fjölda afhendinga, skráði þær og gerði aðgengilegar bæði á miðlunarvef safnsins og á lestrarsal. Hlutverk persónuverndarfulltrúa var eins og undanfarin ár nokkuð viðamikl, en þá vinnu var hægt að samvinna við áhuga og vilja sveitarfélaganna til að afhenda skjöl sín með rafrænum hætti.


Rafræn langtímavarsla skjala sveitarfélaga er það verkefni sem stendur upp úr á árinu og sú staðreynd að safnið tók á móti tveimur rafrænum gagnasöfnum, þ.e. málafafni og skráarsafni. Undanfari þessara afhendinga var umfangsmikil vinna starfsfólks á safninu, samstarf héraðsskjalasafna og samstarf við NEA sem er samstarfsvettvangur opinberra skjalasafna sveitarfélaga í Danmörku. NEA er svið innan Borgarskjalasafns Kaupmannahafnar. Héraðsskjalasafnið tekur nú á móti skjölum afhendingarskyldra aðila óháð formi, þ.e. bæði skjölum á pappír og skjölum á rafrænu formi. Héraðsskjalasöfnin tóku sameiginlega á móti fimm rafrænum gagnasöfnum.

Miðlun safngagna á vef er hin hliðin á þessari stafrænu vegferð en þar var horft til þess að gera notendur enn meira sjálfbjarga en áður með skýrari leiðbeiningum á vef safnsins bæði hvað varðar ábendingar vegna skráningar og aðstoð við innslátt á texta úr safngögnum.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árnesinga bs. Formaður stjórnar er Gestur Þór Kristjánsson úr Ölfusi, aðrir stjórnarmenn eru Brynhildur Jónsdóttir úr Árborg og Jón Bjarnason úr Hrunamannahreppi. Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru tæplega fjögur.

Héraðsskjalavörður var Þorsteinn Tryggvi Mátsson og skjalaverðir Guðmunda Ólafsdóttir og F. Elli Hafliðason. Starfsfólk í sérverkefnum ýmiss konar voru Brjánn Fransson og Katrín Rut Sigurgeirsdóttir.





Guðmunda Ólafsdóttir, Þorsteinn Tryggvi Mátsson og F. Elli Hafliðason á toppi Vörðufells á Skeiðum, 391 m yfir sjávarmáli á góðviðrisdegi sumarið 2023.

Starfsemi

Starfsemi héraðsskjalasafnsins árið 2023 var að mestu með hefðbundnu sniði. Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 mynda rammann um lögbundna starfsemi safnsins í stórum dráttum. Starfsemin er í meginatriðum fjórþætt, þ.e. viðtaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila, skráning og aðgengi að safngögnum, eftirlit og ráðgjöf með skjalahaldi afhendingarskyldra aðila og miðlun og rannsóknir á safngögnum.

Héraðsskjalasafnið er stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun – safnið er sameiginlegt minni íbúa og sveitarfélaga í sýslunni. Hin opinberu skjalasöfn eru minni þjóðarinnar allrar. Hlutverk safnsins og þýðing þess fyrir réttindi íbúa, gagnsæi í stjórnsýslu og rekjanleika stjórnsýsluákvæðana er óumdeilt. Héraðsskjalasafnið er samofið stjórnsýslu og staðarmenningu sveitarfélaganna í sýslunni. Safnið er ein af grunnstoðum þeirra innviða sem við kennum við opið og lýðræðislegt samfélag.

Stafræn vegferð sveitarfélaga í sýslunni er samvinnuð stafrænni vegferð skjalasafnsins þar sem möguleikar tækninnar eru nýttir eins og kostur er. Stafræn innviðauppbygging safnsins tekur mið af lögbundnum skyldum þess og þeim stafrænu lausnum sem íbúum sveitarfélaganna standa til boða hjá sveitarfélögum sjálfum. Þannig leitast starfsfólk við að tryggja samfellu í þeirri þjónustu sem íbúum stendur til boða.

Samstarf héraðsskjalasafna

Héraðsskjalasöfnin hafa um langt árabíl unnið í sameiningu að ýmsum verkefnum tengdum skjalahaldi og skjalavörslu sveitarfélaga. Á undanföllum árum hafa söfnin horft til möguleika á því að formfesta samstarf sín á milli vegna rafrænnar skjalavörslu sveitarfélaga og þeirra afleidda verkefna sem tengjast tilkynningum, móttöku og langtímaavörslu rafræna gagnasafna sveitarfélaga.

Samstarf allra héraðsskjalasafna vegna þessa verkefnis, sem hófst með undirritun viljayfirlýsingar á haustráðstefnu Félags héraðsskjalavarda á Íslandi á Dalvík haustið 2022, var formgert á fundi safnanna í húskynnum Héraðsskjalasafns Kópavogs í febrúar 2023. Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjala-

vörslu, MHR, var hleypt af stokkunum. Héraðsskjalasöfnin eru á sama tíma í samstarfi við NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) sem er samstarfsverkefni yfir 30 sveitarfélaga í Danmörku um rafræna skjalavörslu sveitarfélaga. Þegar þróun rafrænnar langtímaavörslu var skoðuð í Danmörku var og er það talið þjóna betur hagsmunum danska ríkisins og danskra sveitarfélaga að reka fleiri en eitt móttökuvær til að taka við rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. NEA hefur í rúma tvo áratugi verið hluti af Borgarskjalasafni Kaupmannahafnar (Københavns Stadsarkiv, § 7 arkiv) þ.e. opinbert skjalasafn samkvæmt Arkivloven LBK nr. 1201/2016. NEA þjónustar rúmlega 2,2 milljónir íbúa á stór Kaupmannahafnarvæðinu og víðar í Danmörku og tekur þjónusta NEA til allra þátta langtímaavörslu rafræna gagnasafna, þ.m.t. kortlagningar, samþykta, prófana, afgreiðslu og hýsingar ef þess er óskað. Samstarf safnanna og samstarf við NEA tryggir að héraðsskjalasöfnin geta tekið við rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga og tóku héraðsskjalasöfnin á móti fimm afhendingum á árinu sem allar eru varðveittar hjá viðkomandi söfnum og öryggisafrit varðveitt miðlægt.

Persónuvernd og persónuverndarfulltrúi

Héraðsskjalasafnið gegnir hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúhverjahrepp og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Hlutverkið samræmist vel annarri starfsemi safnsins og tryggir ásamt öðrum verkefnum fjórða stöðugildið. Sérfræðiþekking á sviði persónuverndar verður til í héraði og nýtist við afgreiðslu viðkvæmra persónuupplýsinga hjá sveitarfélögum og úr safnkostinum. Þekking og reynsla eykst, bætur þjónustu safnsins og stöðu sveitarfélaganna sem sjálfstæðra stjórnvalda.

Fyrirspurnir og erindi - notkun á safngögnum

Upplýsingar um fjölda fyrirspurna, erinda, lána á lestrarsal, önnur not af safngögnum, fjölda og stærð afhendinga o.fl. hafa frá 2010 verið skráðar með skipulegum hætti í rafrænt verkbókhald. Þetta tryggir að fyrirspurnum er svarað í samræmi við góða stjórnsýsluhætti um leið og verkbókhaldið bætir yfirsýn yfir verkefnastöðu, stöðu nýskráninga, skráningu og endurskráningu eldri afhendinga, öryggisafritun skjala, miðlun þeirra á vef o.s.frv. Þessar upplýsingar nýtast vel þegar horft er til stefnumótunar og framtíðar safnsins.

406 af 1.204
fyrirspurnum og
erindum koma
frá sveitar-
félögum


Fyrirspurnir og erindi þ.m.t. lán á lestrarsal voru 1.204. Síðustu fjögur árin hafa fyrirspurnir og erindi verið um 1.200 á ári. Ef þessi ár eru borin saman við næstu fimm ár á undan, þ.e. árin 2015-2019 þá hefur fyrirspurnum og erindum fjölgað um rúm 40% eða úr um 850 á ári í rúm 1.200 að jafnaði. Fjöldi fyrirspurna og erinda frá sveitarfélögum voru 406, þar af voru fyrirspurnir vegna eftirlits og ráðgjafar 216 talsins. Starfsfólk sveitarfélaganna notar safnið að jafnaði alla virka daga ársins. Miklu máli skiptir að hægt sé að veita þessa þjónustu innan héraðs og að það sé gert í góðu samstarfi milli starfsfólks sveitarfélaga og héraðsskjalasafnsins. Sveitarfélögin eru hluti af þekkingarsamfélaginu og starfsemi skjalasafnsins styður við þekkingar- og innviðauppbyggingu sveitarfélaganna.

Fyrirspurnir og erindi frá einstaklingum, hópum, félögum og fyrirtækjum voru 798. Fjöldi askja var afgreiddur á lestrarsal og fjöldi askja sem starfsfólk nýtti vegna afgreiðslu voru með mesta móti. Fjöldi fyrirspurna og erinda sem kölluðu á beina afgreiðslu voru 415, 630 erindi voru afgreidd skriflega og 159 afgreidd gegnum síma. Erindi eða heimsóknir vegna ljósmyndaskráningar voru 187. Ábendingar vegna ljósmyndaskráningar voru 490.

Viðtaka og varðveisla

Afhendingar á árinu 2023 voru 89. Fjöldi afhendinga hefur ekki tekið miklum breytingum á milli ára eða 90 að jafnaði ef horft er til síðustu tíu ára. Frá 2001-2023 hafa verið afhentar 1.905 afhendingar. Aðfangabók inniheldur nú 2.732 afhendingarnúmer. Um 80% þeirra afhendinga sem eru í vörslu safnsins eru nú skráð skv. ISAD-G staðli. Ákveðin ítarskráning á bréfasöfnum og ýmsum skjölum sveitarfélaga sem þegar eru skráð samkvæmt stöðlum mun eiga sér stað á næstu árum í tengslum við frekari miðlun á skjölum á vef. Þessi ítarskráning er nauðsynleg til að auka leitarbærni safngagna. Skráningin tekur mið af notkun skjala, rannsóknum starfsfólks á skjölum og vegna öryggissjónarmiða.

Fyrirspurnir, erindi og afgreiðsla



Árið 2023 voru afhentir alls 48,75 hillumetrar af skjölum sem er í samræmi við áætlanir um magn skjala á ári, þ.e. milli 40 og 50 metrar að jafnaði. Afhendingarskyldir aðilar afhentu 36 afhendingar, alls 41,03 hillumetra en einkaskjalasöfn voru 53, alls 7,72 hillumetrar. Ráðist var í endurskipulagningu á skjalageymslum safnsins að Austurvegi 2 á Selfossi til að safnið gæti áfram tekið við skjölum. Ljóst er að sú sviðsmynd sem sett var fram varðandi aukningu á safngögnum hefur gengið eftir og ætla má að pappírsskjöl verði á bilinu 3.000-3.500 hillumetrar árið 2050. Sveitarfélögin munu ýmist skila skjölum sínum á pappír eða á rafrænu formi á næstu árum en einkaskjalasöfn munu í flestum tilfellum vera á pappírformi. Af þessum sökum er brýnt að finna varanlega lausn á húsnæðisvanda safnsins, hvað varðar vinnurými starfsfólks, aðstöðu fyrir gesti og geymslur fyrir rafræn skjalasöfn og pappírssöfn.

Frá 2010-2023 var tekið á móti 819,94 hillumetrum, þ.e. 58,57 hillumetrum á ári að jafnaði. Ef árin 2000-2009 eru skoðuð þá er þetta tvöföldum á magni skjala, þ.e. úr um 30 hillumetrum á ári í tæplega 60 hillumetra. Það verður að horfa á þessa þróun í samhengi við fjölgun íbúa í sýslunni og fjölgun verkefna sem sveitarfélögin sinna skv. lögum. Aukin myndun skjala tengist með beinum hætti þeim verkefnum og þeirri þjónustu sem sveitarfélögin sinna. Skjölín verða ekki til í tómarúmi.


Skráningu afhendinga sem berast er sinnt jafnóðum en stærð afhendinga og endurskráning eldri afhendinga ræður miklu um verkefnastöðuna á hverjum tíma. Starfsfólk stýrir ferlinu við móttöku stærri afhendinga til að einfalda skil, lækka kostnað og tryggja að skjalaflokkar séu afhentir heildstætt.

Skjalaskráning


Skjalaskráning fylgir stöðlum alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR auk ISDIAH. Staðlarnir taka til allra þátta skjalaskráningar, lýsinga á skjalamyndum, þ.e. þeim stofnunum eða einstaklingum sem búa til skjölín sem og upplýsingum um vörslustofnunina. Staðlarnir segja fyrir um verklag við móttöku skjala, skráningu þeirra, gerð greinargerða o.s.frv. Notkun staðla tryggir samræmd vinnubrögð, skýrari skráningu, samhengi milli skráninga og nýtist um leið við gerð verkferla sem tengjast móttöku, skráningu, leit og aðgengi að skjölum. Skjalaskrár eru reglulega settar á vef safnsins og eru auk þess aðgengilegar á lestrarsal ásamt greinargerðum. Búið er að skrá 2.224 afhendingar skv. stöðlum en á árinu var 181 afhending skráð. 85 af 89 afhendingum frá árinu 2023 voru skráðar auk eldri afhendinga. Alls er búið að skrá 1.178,35 hillumetra skv. stöðlum.

Fjöldi opinberra skjalasafna, þ.e. skjalasöfn afhendingarskyldra aðila eru 726 eða tæp 33% á meðan að einkaskjalasöfn eru 1.499 eða um 67%, alls 2.225. Rúmlega 500 afhendingar á enn eftir að skrá samkvæmt stöðlum. Ef horft er til fjölda hillumetra þá snýst dæmið við. Opinber skjöl er um 704 hillumetrar eða um 60% og einkaskjöl um 462 hillumetrar eða um 40% skjala. Hlutfall opinberra skjala af heildarsafnkosti eykst á milli ára. Tilhögun rafrænna skila á opinberum skjölum og einkaskjölum mun líkast til vera með sama sniði þegar fram líða stundir. Á næstu árum mun safnið þó fyrst og fremst

Hillumetrar 2019 – 2023



Skipting afhendinga 2019 – 2023



horfa til rafrænna gagnasafna afhendingarskyldra aðila en ekki safna einstaklinga, félaga og fyrirtækja. Áætlanir gera því ráð fyrir að 60-70% afhendinga verði frá afhendingarskyldum aðilum en 30-40% afhendinga verði einkaskjalasöfn. Ætla verður að fjöldi opinberra skjala muni aukast á næstu árum og áratugum á kostnað einkaskjalasafna en þar ræður stafrænuvæðing samfélagsins mestu.


Samhliða endurskráningu hefur afhendingum og um leið afhendingarnúmerum fjölgað. Þetta tengist verklagi þar sem ekki var greint á milli skjalamyndara opinberra aðila þegar tekið var á móti skjölum á sínum tíma. Dæmi eru um að skjöl hreppa, hreppstjóra, félaga og jafnvel einstaklinga hafi verið skráð undir sama aðfanganúmeri. Á árinu var haldið áfram að endurskrá afhendingar frá árinu 2000 auk þess sem farið var sérstaklega yfir afhendingar hreppa og skjalamyndara. Þá var fjöldi afhendinga sem ekki höfðu fengið aðfanganúmer á sínum tíma skráður. Ætla má að þessi skjöl, sem líkast til hafa borist á safnið á árunum 1985-2000, hafi þá ýmist verið lögð til hliðar við skráningu eða ekki ljóst hver uppruni þeirra var.

Skráning og endurskráning á pappírsskjalasöfnum er enn eitt af kjarnaverkefnum safnsins. Endurskráning ræðst af stöðu annarra verkefna en ljóst að nokkur ársverk þarf til að ljúka frum- og endur-

820 hillumetrar
af skjölum frá
2010 – 2023

726 opinber
söfn og 1,499
einkaskjalasöfn
skráð skv. stöðlum



Skipting afhendinga 1982–2023



skráningu þannig að hún standist þær kröfur sem starfsfólk og staðlar segja til um. Þessi vinna mun bæta þjónustu safnsins en mikilvægt er að sem stærstur hluti safngagna sé leitarpæ.

Á árinu jókst fjöldi skjalaskráa á vef héraðsskjalasafnsins umtalsvert. En nú voru allar afhendingar sem búið var að endurskrá frá árunum 1982-2000 settar á vef auk afhendinga sem voru án aðfanganúmers og því ekki tilgreindar í aðfangabók á sínum tíma. Starfsfólk nýtir skjalaskrár á vef í æ ríkara mæli þegar svara þarf fyrirspurnum og erindum og þá er notendum leiðbeint og vísað á vefinn til að einfalda og flýta fyrir þjónustu. Eftir sem áður leita bæði stjórnvöld og almenningur beint til starfsfólks vegna þekkingar þess á safngögnum og þá sérstaklega óskráðum skjölum. Áunnin þekking starfsfólks á innihaldi skjala, samhengi skjala og afhendinga sem og þekking á stjórnsýslu og þróun stjórnsýslunnar í sýslunni skipta miklu máli í þessu sambandi. Þekking og reynsla starfsfólks sveitarfélaga og starfsfólks safnsins bætir þá þjónustu sem íbúum stendur til boða.

Fjöldi hillumetra skráður skv. ISAD-G



Úttektarbók Gaulverjabæjarhrepps 1869-1909. Bókin er ein fjölmarga bóka sveitarfélaga sem eru aðgengi- legar á heimildavef safnsins.

Samstarfsverkefni héraðsskjalasafnsins og Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita var framhaldið. Guðmunda Ólafsdóttir yfirsjaldavörður stýrði verkefninu, en hún skannaði inn allar teikningar og skráði ásamt fylgigögnum. Afhendingin er 9,36 hillumetrar og fjöldi arka 1.392. Enn er nokkuð magn eftir og í gildi er samningur um skönnun, skráningu og frágang á skjölum embættisins. Miklu máli skiptir að skjöl skipulags- og byggingafulltrúa séu vel skráð og aðgengi að þeim tryggt með einföldum hætti. Gildir einu hvort skjölin séu enn í vörslu embættanna eða á safninu. Hin stafræna vegferð embættanna og skjalasafnsins og breytt verklag á verkstað þar sem unnið er eftir rafrænum teikningum mun ráða miklu um frekari þróun.

Rafræn skjalavarsla, stafræn þróun og þjónusta

Sveitarfélögin eru þekkingarsamfélög – stafrænuvæðingu þeirra er ætlað að bæta þjónustu við íbúa með margvíslegum hætti. Stafræn vegferð sveitarfélaganna skiptir miklu máli þegar horft er til þess að bæta og jafna aðstöðu og tækifæri íbúa hringinn í kringum landið. Sveitarfélögin í Árnessýslu eru virkir þátttakendur í þessari vegferð og hefur héraðsskjalasafnið tekið þátt í henni með ýmsum hætti. Miðlunarvefur safnsins með ljósmyndum og myndum af skjölum auk skjalaskráa er skýrasta dæmið um þetta. Aðgengi og aðgengistakmarkanir ráðast svo af lögum um opinber skjalasöfn, upplýsinga- lögum og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Stafræn umbreyting sveitarfélaga hefur bein áhrif á starfsumhverfi héraðsskjalasafnanna. Starfsfólk hefur um langt árabíl leitt vinnu við gerð skjalavistunaráætlana og málalykla og tryggt reglufylgni þegar horft er til skjalahalds og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila í héraði. Árið 2023 aðstoðaði starfsfólk sveitarfélögin við tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum, undirbjó afhendingar og tók á móti rafrænum gagnasöfnum. Þekking starfsfólks á skjalahaldi og stjórnsýslu sveitarfélaganna skiptir miklu máli í þessu sambandi. Boðleiðir eru styttri, aðgengi að sérfræðipækningu er við höndina og reglufylgni ætti að þeim sökum að vera einfaldari og kostnaður minni.



Örlygur Karlsson og Steingerður Jónsdóttir skoða ljósmyndaalbúm á viðburðinum *Brot af því besta* þar sem skjalaverðir höfðu tekið fram hluta af safngögnum sem þeim þykir eftirtektarverður.

Í ljósi þess kostnaðar sem fylgir rafrænum afhendingum er nauðsynlegt að gildandi regluverk verði endurskoðað og þar tekið mið af þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum. Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna gagna afhendingarskyldra aðila nr. 100/2014 eru tíu ára gamlar og taka mið af hugbúnaði sem þróaður var og notaður upp úr síðustu aldamótum. Regluverk vegna rafrænna skila þarf að vera með þeim hætti að hugbúnaðarframleiðendur og vörslustofnanir, þ.e. héraðsskjalasöfnin, fylgi þeirri þróun sem tengist netöryggismálum, uppbyggingu gagnakerfa, prófunum og áreiðanleikaprófum á bæði hugbúnaði og rafrænum gögnum.

Héraðsskjalasafnið tók á móti tveimur rafrænum gagnasöfnum á árinu, annars vegar mála- og skráarsafni frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi og skráarsafni utan kerfa, þ.e. safn skráa án ýtarlegra lýsigagna, frá Háskólafélagi Suðurlands. Báðar þessar afhendingar voru prófaðar af Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu, MHR og sendar til NEA til frekari prófana. Niðurstöður prófananna staðfesta að verklag og vinna MHR stenst þær kröfur sem OASIS (Open Archival Information System) ISO 14721 setur sem og þær kröfur sem NEA gerir til vörsluútgáfa. Skjalaskrár þar sem innihald þessara afhendinga er listað upp eru aðgengilegar á miðlunarvef safnsins með sama hætti og aðrar skjalaskrár og skjölin því leitarbær. Birting skjalaskráa yfir rafrænar afhendingar er nýmæli hér á landi og tengist þeirri framtíðarsýn héraðsskjalasafnanna að gera þessar afhendingar aðgengilegar með sama hætti og aðrar afhendingar í vörslu safnsins. Þá var ráðist í þróun á afgreiðslu og pöntunarkerfi á skjölum úr rafrænum gagnasöfnum og geta þau héraðsskjalasöfn sem tekið hafa á móti rafrænum gagnasöfnum afgreitt skjöl úr þeim. Skjölin eru því ekki aðeins leitarbær heldur aðgengileg. Sú staðreynd og það fyrirkomulag sem er til staðar varðandi langtíma vörslu þessara rafrænu gagnasafna gæti með ákveðnum breytingum á gildandi regluverki lækkað kostnað vegna skjalavörslu sveitarfélaga. Til mikils er að vinna. Brjann Fransson starfsmaður MHR stýrði þessari vinnu. Þá tók safnið á móti tilkynningum á nokkrum rafrænum gagnasöfnum á árinu.

Héraðsskjalasafn Árnesinga fjárfesti á árinu í tæknibúnaði vegna langtíma vörslu rafrænna gagna. Það var gert í samráði við starfsmann MHR og sérfræðinga NEA. Við kaup á tæknibúnaði var horft til þess hvar verkefnið er stöðugt og að búnaðurinn gæti nýst sem best. Þá var ráðist í endurskoðun á innri upplýsinga- og miðlunarkerfum safnsins til að bæta enn frekar utanumhald um safngögn og notkun þeirra.

406 erindi og fyrirspurnir frá sveitarfélögum

Eftirlit og ráðgjöf

Héraðsskjalasöfnin eiga að hafa eftirlit með sveitarfélögum og stofnunum þeirra skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Eftirlits- og ráðgjafarhlutverk safnsins hefur á þessum tíu árum sem liðin eru frá gildistöku laganna aukist til muna. Starfsfólk hefur sent út fjórar formlegar eftirlitskannanir, auk þess að heimsækja alla afhendingarskylda aðila í héraði. Starfsfólk hefur af þessum sökum nokkuð góða yfirsýn yfir stöðu skjalavörslu og skjalahalds hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Þessi yfirsýn nýtist vel við forgangsröðun verkefna. Ráðgjöf, gerð og endurskoðun skjalavistunaráætla, málalykla og kortlagning rafrænna gagnasafna og undirbúningur vegna afhendinga á fyrstu rafrænu gagnasöfnum voru stóru verkefni ársins.

Fyrirspurnir og erindi frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra voru 406 talsins, 216 þessara fyrirspurna vörðuðu ráðgjöf og eftirlit. Þessar tölur eru sambærilegar við árið 2022, en ef horft er fimm ár aftur hefur fyrirspurnum og erindum frá sveitarfélögum fjölgað um rúm 100%. Ástæður þess tengjast aukinni stafrænni þjónustu sveitarfélaga, undirbúningi vegna tilkynninga og rafrænna skila og svo hlutverki safnsins sem persónuverndarfulltrúa. Aukin stafræn þjónusta sveitarfélaga á næstu árum kallar á aukna ráðgjöf og eftirlit safnsins vegna skjalavörslu og skjalahalds. Í þessu sambandi er vert að horfa til reglna nr. 877/2020 um tilkynningar á rafrænum gagnakerfum og skilum á rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Þessi staðreynd undirstrikar mikilvægi þess að búið sé vel að héraðsskjalasafninu. Sérfræðiþekking starfsfólks safnsins, sveitarfélaganna og sú þjónusta sem þau veita íbúum eru tvær hliðar á sama peningnum.

Eftirlit og eftirlitsheimsóknir

Héraðsskjalasafnið sendi út rafræna eftirlitskönnun til 72 afhendingarskyldra aðila árið 2020 og voru niðurstöður úr þeirri könnun sendar til allra stofnana auk þess sem útbúnar voru sérstakar skýrslur um stöðu skjalavörslu og skjalahalds í hverju sveitarfélagi. Mikilvægt er að eftirlitskannanir bæti skjalahald, þær eiga að vera hvati fyrir forstöðumenn að gera betur. Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga 2021 var rætt um skil á rafrænum gagnasöfnum á héraðsskjalasafnið og var vilji kjörinna fulltrúa skýr í þessu sambandi. Í kjölfar fundarins var ráðist í gerð rafrænnar eftirlitskönnunar, sem tók til rafrænna gagnakerfa, sem send var 63 afhendingarskyldum aðilum í byrjun desember sama ár. Aðeins 19 svör bárust sem er 31% svarhlutfall. Ætlunin var að vinna frekar úr þeirri könnun á árinu 2022 en í stað þess var ákveðið að nýta svörin við kortlagningu rafrænna gagnasafna sveitarfélaga. Sú vinna hófst formlega árið 2023 en þá heimsótti starfsfólk fjölda afhendingarskyldra aðila þar sem farið var yfir rafræn gagnakerfi, skráarkerfi ýmiskonar og rafræn gögn á öðrum geymslumiðlum. Á árinu var þessi vinna formgerð enn frekar og tók verkefnið nokkrum breytingum á árinu. Síðustu mánuðir ársins voru nýttir til að samræma

Skjalasafnið tekur á móti rafrænum skjölum sveitarfélaga

Kynning á miðlunarvef safnsins og greiningarfundur hjá Félagi eldri borgara á Selfossi. Guðmunda Ólafsdóttir skjalavörður og eldri borgarar rýna í ljósmyndir frá Selfossi.



gátlista, rýna og samlesa þær upplýsingar sem safnað var. Árangur af þessari vinnu á eftir að nýttast safninu vel þegar horft er til tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum, varðveislumati á gögnum, tilkynningum á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga og gerð og varðveislu á vörsluútgáfum. Þessi vinna mun á sama tíma nýttast vegna eftirlitskönnunar sem ráðgert er að fari af stað haustið 2024.

Starfsfólk skjalasafnsins heimsækir fjölda stofnana á hverju ári, aðstoðar við gerð skjalavistunaráætlana og málalykla, leiðbeinir um skráningu skjala, hreinsun úr skjalasöfnum og grísjun í samræmi við reglur. Leiðbeiningar- og eftirlitshlutverk safnsins skiptir miklu máli og hefur samstarf þess og hinna ýmsu stofnana bætt skjalavörslu og skjalahald. Þá er vert að líta til þess fjárhagslega ávinnings sem fylgir því að skjalavarsla, skráning og leitarbærni sé eins og best verður á kosið. Héraðsskjalasafnið styður með þessum hætti við stjórnábyrgð sveitarfélaganna.

Starfsfólk héraðsskjalasafnsins býr yfir mikilli reynslu þegar horft er til eftirlits og útfærslu þess. Það er mikilvægt að eftirlit byggji á lagastoð, svörum skjalamyndara sé með þeim hætti að hægt sé að setja niðurstöður fram með skýrum og óhlutrægum hætti og draga lærdóm af þeim. Þá er vert að horfa til leiðbeiningarskyldu safnsins í þessu sambandi og þeirra virðisaukandi áhrifa sem geta átt sér stað þegar eftirlit og leiðbeiningarskylda fara saman. Eftirlit með skjalahaldi og skjalavörslu er vissulega lögbundið, en það verður líka að gagnast og vera hvati til að bæta skjalavörslu afhendingarskyldra aðila.

Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Mikil áhersla hefur verið lögð á gerð og endurnýjun skjalavistunaráætlana og málalykla og hefur þeirri vinnu miðað vel áfram. Minnst 48 afhendingarskyldir aðilar eiga að vera með skjalavistunaráætlanir og skrá mál samkvæmt gildandi lögum og reglum þar um. Stjórnskipulag, skipurit sveitarfélaga, valdmörk milli stofnana og verklag ræður nokkru um fjölda þessara aðila. 25 aðilar eru með samþykktar skjalavistunaráætlanir, eða 52% og 15 aðilar, eða 29% eru með samþykktar málalykla. Nokkrir málalyklar eru í endurnýjunarferli. Allir leikskólar utan einn eru t.a.m. með skjalavistunaráætlanir og er skjalavörslu þeirra háttáð þannig að stærstur hluti þeirra skjala sem verða til eru lögð upp í fyrirframákveðna skjalaflokka í stað þess að vera hluti af málafni viðkomandi leikskóla. Vegna þessa eru færri afhendingarskyldir aðilar með samþykktar málalykla.

Skjalaverðir unnu að endurnýjun skjalavistunaráætlana og málalykla í samvinnu við níu afhendingarskylda aðila á árinu og ljóst að vinna safnsins bætir skjalahald viðkomandi stofnana. Hlutfall skjalamyndara sem eru með gildar skjalavistunaráætlanir og málalykla hækka smám saman og er í takt við tímasetta verkáætlun safnsins. Starfsfólk héraðsskjalasafnsins leiðir þessa vinnu.

Regluverk vegna skjalahalds og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila er nokkuð umfangsmikið og hlítung þessara reglna mikilvægur þáttur stafrænnar umbreytingar hjá sveitarfélögunum. Á árinu var undirbúningi vegna kortlagningar áframhaldið og þá var tekið á móti fyrstu tilkynningunum vegna skila á rafrænum gagnasöfnum. Vinnu við að yfirfara þessar tilkynningar er að hluta til lokið og nokkrir afhendingarskyldir aðilar hafa þegar fengið heimild til að afhenda skjöl sín með rafrænum hætti þegar þar er kemur. Þá var ráðist í ákveðna undirbúningsvinnu vegna frekari tilkynninga á rafrænum gagnakerfum og ljóst að tilkynningum mun fjölga umtalsvert á næstu árum. Þá voru sett fram drög að þarfragreiningu og áætlun vegna tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum, móttöku, prófana og vörslu á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga. Þar var horft til mögulegs fjölda tilkynninga, rafrænna gagnasafna, gagnasafna utan kerfa, gerð vörsluútgáfa og áætlana og verkferla vegna langtímavörslu rafrænna gagnasafna sem og aðgengis og miðlunar á þessum gögnum.

52% stofnana
eru með skjalavistunaráætlanir
og 29% með
málalykla

Þorsteinn Tryggvi Músson fer yfir og endurskoðar þarfragreiningu vegna húsnæðismála safnsins. Nú er horft til þess að stærri hluti af safngögnum sé í fjargeymslu en áður sem og að tryggja að geymslur séu staðsettar á öruggum stað m.t.t. náttúruvár.



Húsnæðismál

Húsnæðismál voru áfram mikið til umræðu hjá stjórn safnsins, á fundum Héraðsnefndar Árnesinga bs. og hjá starfsfólki. Rýmisáætlun sem unnin var á sínum tíma, rýnd og endurskoðuð er enn höfð til hliðsjónar. Verið er að skoða möguleika á að koma upp fjargeymslu sem getur hýst stærstan hluta safngagna auk skjala sem gert er ráð fyrir að berast munu safninu fram til 2050. Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir að skrifstofu- og vinnurými, móttaka og lestrarsalur verði sérstök eining. Þar er einnig gert ráð fyrir því að geta varðveitt rafræn gagnasöfn sveitarfélaga í sérstöku rými. Það er horft til þess að hýsing á rafrænum gögnum sé um leið með sama hætti og hýsing á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaganna sjálfra, ISO 27001 vottuð o.s.frv.

Húsnæðisvanda safnsins þarf að leysa til að tryggja að það geti sinnt hlutverki sínu sem stjórnábyrgð- og menningarstofnun. Skjalavarsla sveitarfélaga er lögbundið hlutverk, sveitarfélögin eru sjálfstæð stjórnvöld og mikilvægt að þau hafi fullt og óskorað vald og aðgengi að eigin skjölum. Það er m.a. gert með því að sveitarfélögin standi að rekstri héraðsskjalasafna og veiti þessa þjónustu í héraði, í nánú sambandi við stjórnábyrgð sveitarfélaganna sjálfra og íbúa þeirra.

Nokkuð magn skjala er tímabundið varðveitt á Byggðasafni Árnesinga. Ætlunin er að þessi skjöl verði flutt í nýjar geymslur á árinu 2024. Starfsfólki Byggðasafnsins þökkum við fyrir veitta aðstoð.

Miðlun og rannsóknir

Í lögum um opinber skjalasöfn er kveðið á um að söfnin geri mikilvæg skjöl um sögu byggðarlaga eða þjóðarsögna aðgengileg á vef eða með öðrum hætti. Héraðsskjalasafnið hefur allt frá því þetta ákvæði var lögfest og í raun lengur miðlað hluta af safngögnum á vef og fjölgar skjölum og ljósmyndum sem þar eru aðgengileg stöðugt. Á myndasetur.is gefst íbúum, fræðafólki og öðrum kostur á að nýta sér safngögnin óháð opnunartíma. Á vefnum er með einföldum hætti hægt að afla upplýsinga um skjöl tæplega 2.000 skjalamyndara, fletta í gegnum gjörðabækur og aðrar bækur sveitarfélaga, félaga, brunavirðingar, fréttabréf o.fl. er tengist stjórnun, rekstri og þróun hreppanna, breytingum á búskapar-



háttum og félags- og menningarlífi í sýslunni. Á vefnum er einnig að finna yfir 130.000 ljósmyndir sem eru leitarbærar. Miðlunarvefurinn er hryggjarstykki vefsins en þar er einnig að finna upplýsingar um safnið, ráðgjöf um skjalavörslu, afhendingu skjala, aðgengi að skjölum o.fl.

Vefurinn er hinn sýnilegi hluti þeirrar stafrænu vegferðar sem héraðsskjalasafnið er í. Áður en heimildir, ljósmyndir eða skjalaskrár rata á vefinn þarf ýmist að ljósmynda, skanna, skrá og tryggja að önnur lýsigögn fylgi. Stafræn endurgerð safngagna er um leið mikilvægur þáttur í öryggisáætlun safnsins.

Einfaldleiki og yfirsýn eru leiðarstef við hönnun vefsins þar sem leitast er við að tryggja að aðgengi að safngögnum sé skilvirkt. Upplifun notenda af vefnum þarf að vera jákvæð, leitarvél einföld og fljót-virk, leitarniðurstöður skýrar og þá hægt að hlaða niður eða prenta út niðurstöður leitar eða fara til baka á upphafsreit og breyta leitarskipunum ef þarf. Uppbygging heimilda-, ljósmynda- og skjalaskrár-vefjanna er með sama hætti og eru vefirnir samtengdir. Notendur geta bæði leitað samtímis þvert á vefina eða sérstaklega að ljósmyndum, heimildum eða skjalaskrá. Þá er hægt að kalla fram ítar-upplýsingar og nota síur til að þrengja og afmarka leit.

Miðlunarvefur safnsins er fyrir löngu orðinn almenningseign og gefur íbúum og þeim sem áhuga hafa á sögu og menningu sýslunnar tækifæri til að líta til baka og skoða þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað – gildir einu hvort hér sé horft til búskaparhátta, samgangna eða daglegs lífs fólks. Vefurinn er á sama tíma mikilvæg hjálp fyrir starfsfólk þegar leita þarf svara við hinum ýmsu fyrirspurnum sem safninu berast. Fjöldmargir nýta sér heimildavefinn og önnur safngögn í tengslum við menningarstarfsemi ýmiss konar. Þá rata ábendingar og ummæli tengd safngögnum oft á tíðum til starfsfólks og gefa þá um leið fyllri mynd af ákveðnum atburðum í héraði. Þannig leggur stór hópur fólks safninu lið með beinum eða óbeinum hætti, og skráning á safngögnum verður betri fyrir bragðið.

Héraðsskjalasafnið hefur um langt árabíll tekið þátt í menningarmánuðinum október í Sveitarfélaginu Árborg. „Brot af því besta“ var yfirskrift viðburðarins þar sem gestum var boðið að skoða eftirlætis skjöl starfsfólks sem tindi til nokkur af sínum uppáhaldsskjölum, rannsakaði og setti í samhengi við önnur skjöl, viðburði, félagsstarf, stofnun nýrra sveitarfélaga í sýslunni o.s.frv. Gestir fengu í hendur blað þar sem gerð var grein fyrir innihaldi skjalanna og þeir gátu svo valið sér skjöl til að skoða frekar

Horft eftir Austurvegi í átt að Ölfusár-brú og gatnamótum Austurvegar og Eyravegar. Myndin er tekin við tröppur verslunarhúss Kaupfélags Ámesinga, nú Ráðhús Sv. Árborgar. Vinstra megin er verslunarhús frá KA og fjær hús Kaupfélagsins Hafnar. Fyrir miðju sést í Selfosskirkju og Addabúð. Hægra megin símtöðin næst og fjær sést í Tryggvaskála. Ljósmyndari Jón Kjartansson. Hér Árn. 2023/6 JK 00095.

**Yfir 130.000
ljósmyndir eru
á ljósmyndavef**

á lestrarsal safnsins. Þarna kenndi ýmissa grasa og hægt að skoða bæði dagbækur, bréf, myndaalbúm og fundargerðarbækur. Viðburðinum var áframhaldið út október og allan nóvembermánuð. Sýningin „Með mold á hnjúnum“ sem sett var upp í Húsinu um páskana 2022 var sett upp á Fjör í Flóa sem er menningarhátíð í Flóahreppi. Þá voru sýndar ljósmyndir úr safni Ottó Eyfjörð á Hvolsvelli í tilefni af 90 ára afmæli bæjarins.

Þorsteinn Tryggvi kom að greinarskrifum og umfjöllun vegna 80 ára afmælis barnaskólakennslu á Selfossi og afmæli þess skóla sem nú heitir Vallaskóli, en barnaskólakennsla á Selfossi hófst veturinn 1932–1933. Guðmunda Ólafsdóttir hélt erindi hjá Lionsklúbbi Selfoss og Framsóknarflokknum þar sem starfsemi safnsins var kynnt auk þess að segja frá safninu, starfsemi þess og sýna afkomendum dönsku mjólkurfræðinganna ljósmyndir úr starfsemi MBF milli 1929-1960.

Ljósmyndir og ljósmyndaskráning

Ljósmyndir eru ýmist afhentar sér eða sem hluti af stærri afhendingum. Skönnun, skráning og miðlun ljósmynda er óaðskiljanlegur hluti af kjarnastarfsemi safnsins og ljóst að sýnileiki þess, traust almenninga og velvilji gagnvart safninu tengist með beinum hætti söfnun ljósmynda, skráningu þeirra og miðlun á heimildavef og samfélagsmiðlum. Nú er búið að skanna 150.422 myndir og eru 130.013 þeirra nú aðgengilegar á myndasetur.is.

Söfnun, skráning og miðlun ljósmynda er viðamikil verkefni – ljósmyndir eru skoðaðar, metið hvort þær eigi að skanna, þær eru skráðar skv. stöðlum og þá ratar hluti þeirra á ljósmyndavef safnsins. Skráningin er tvíþætt, annarsvegar er um að ræða skráningu þar sem margvíslegar upplýsingar s.s. myndatexti, leitarorð, staðsetning, tæknilegar upplýsingar o.fl. eru skráðar. Þessar upplýsingar eru hluti af þeim lýsigögnum sem fylgja hinu stafræna eintaki af ljósmyndinni. Þá eru þær skráðar eins og skjöl.

Á ljósmyndavef geta notendur sent inn ábendingar vegna skráningar á ljósmyndum, þar sem þeir geta bætt við þær upplýsingar sem þegar eru á myndunum, leiðrétt upplýsingar ef svo ber undir o.s.frv. Starfsfólk fer yfir ábendingar og bætir frekari lýsigögnum og leiðréttingum við ljósmyndirnar. Með þessum hætti tekur almenningur í raun þátt í því að bæta skráningu ljósmynda í vörslu safnsins.

Tómas Jónsson, fyrrverandi yfirlöggregluþjónn á Selfossi, hefur nú unnið í sjálfbodaðavinnu við skráningu á ljósmyndum úr fjölda afhendinga í 13 ár. Vinnustundirnar eru orðnar á ellefta þúsund á þessum tíma og þetta framlag Tómasar ómetanlegt. Fjöldmargir gestir koma við hjá Tómasi og bæta við upplýsingum sem nýtast í skráningu á þessum merka menningararfi sem ljósmyndirnar eru.

Greiningarfundir á ljósmyndum voru haldnir á Selfossi og í Goðalandi í Fljótshlíð. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti og studdi við þetta mikilvæga samtali milli íbúa og starfsfólks. Fundirnir og miðlun ljósmynda styðja við starfsemi safnsins. Á sama tíma er mikilvægum fróðleik um einstaklinga, félög, viðburði o.fl. safnað saman og hann varðveittur komandi kynslóðum til gagns. Greiningarfundirnir eru ákveðinn menningarauki, styrkja sjálfmynd íbúa og hafa jákvæð áhrif á félagslíf eldri borgara.

Miðlun skjala á vef

Allt frá árinu 2016 hefur héraðsskjalasafnið miðlað safngögnum á vef. Nú eru 78.847 ljósmyndir af skjölum sveitarfélaga, hreppstjóra, sýslunefnda, kven- og ungmennafélaga, brunavirðingar og skjöl ýmissa annarra skjalamyndara á heimildavef safnsins. Veflausnin sem er notuð er hönnuð af Ágústi Inga Kjartanssyni og Þorsteini Tryggva og er hún notuð á þriðjungi allra héraðsskjalasafna til að miðla ljósmyndum, skjölum og skjalaskrá. Vefurinn er í stöðugri þróun til að bæta enn frekar framsetningu á efni, leitarbærni og hraða. Á árinu var unnið að því að færa hljóðupptökur á stafrænt form til að geta sett þær á heimildavef safnsins.

Miðlunarvefur skjalasafnsins er í raun rafrænn lestrarsalur og þarna geta notendur nýtt sér ákveðinn hluta safngagna, leitað í skjalaskrá o.s.frv. Ljóst er að vefurinn mun á næstu árum taka miklum breytingum samhliða stafrænuvæðingu sveitarfélaganna. Nú er hægt að nálgast skjalaskrár yfir rafrænar afhendingar með sama hætti og skjalasöfn á pappír en ætlunin er að notendur geti pantað og fengið aðgang að rafrænum afhendingum gegnum heimildavefinn.

**Um 79.000
ljósmyndir af
skjölum eru á
heimildarvef**

**Rafrænn
lestrarsalur**



F. Elli Hafliðason fer í gegnum skjöl Bláskógabyggðar og undirbýr flutning á skjölunum úr fangaklefanum í Aratungu á skjalasafnið.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti bæði greiningarfundir á ljósmyndum sem fóru fram á Goðalandi og heimildaverkefni fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og í efstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið fjallaði um stöðu kvenna, hvaða forsendur þurfti til að konur hlutu kosningarétt og jafnréttisbaráttu kvenna. Nemendur í Menntaskólanum að Laugarvatni leystu verkefnið og ljóst að verkefni og kynning á heimildum úr vörslu safnsins er bæði fróðleg og nytsamleg viðbót við hefðbundna sögukennslu. Verkefnið gaf tilefni til umræðna um þá einstaklinga sem um ræddi, stöðu þeirra í samfélaginu og þær samfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað frá ofanverðri 19. öld og fram á okkar daga.

Héraðsskjalasafnið fékk þrjá verkefnastyrki til miðlunar á safngögnum frá Þjóðskjalasafni Íslands, þ.e. til birtingar á skjölum sveitarfélaganna/hreppanna í sýslunni, á skjölum Sambands sunnlenskra kvenna og kvenfélaga og á ýmsum skjölum gömlu hreppanna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, síðast nefnda verkefnið er samvinnuverkefni héraðsskjalasafnanna vestan og austan Þjórsár. Ef tekið er mið af skjalaskrá og öryggisáætlun safnsins blasir við að enn er mikið af skjölum sem vert er að miðla með stafrænum hætti, bæði út frá aðgengis- og öryggissjónarmiðum. Starfsfólk bætir ýmsum öðrum skjölum við á heimildavef safnsins til að einfalda aðgengi og afgreiðslu skjala til notenda.

Skjalaskrár á vef

Skjalaskrár yfir afhendingar allt frá 1982 og fram til 2023 er nú að finna á vef auk fjölda afhendinga með önnur safnmörk. Skrárnar eru leitarbærar, það er hægt að prenta þær út, hlaða þeim niður og panta þessi skjöl á lestrarsal með einföldum hætti. Skjalaskrárnar gera notendur á safngögnum meira sjálfbjarga en áður og er þessi framsetning skjalaskráa mikilvægur hluti af innviðaupbyggingu skjalasafnsins. Skjalaskrárnar einfalda aðgengi að safngögnum, þær einfalda umsýslu og stytta þann tíma sem tekur að afgreiða og finna skjöl. Málsmeðferð verður fyrir bragðið einfaldari og skýrari.

Skjalaskrár á vef nýtast vel þegar kemur að því að svara fyrirspurnum og erindum og þá er einfalt að vísa notendum á skrárnar og þeir geta þá pantað skjöl á lestrarsal í kjölfarið.

Rannsóknir

Rannsóknir á safngögnum eru hluti af lögbundinni starfsemi safnsins og á starfsfólk að standa fyrir rannsóknum í samræmi við fjárheimildir hverju sinni. Skjalaskráning inniber samtímis greiningu á þeim skjölum sem um ræðir. Greinargerðir eru teknar saman með öllum skjalasöfnum þar sem stjórn-sýslulegu hlutverki stofnana er lýst, gerð er grein fyrir starfsemi félaga, fyrirtækja og æviágrip einstaklinga eru tekin saman. Á bak við þessa vinnu liggur í mörgum tilvikum frumrannsókn á ævi og eða starfsemi viðkomandi skjalamyndara. Í greinargerðum er uppbyggingu skjalasafna sömuleiðis gerð skil sem og ástandi skjala. Þetta eru í mörgum tilvikum einu upplýsingarnar sem teknar hafa verið saman með kerfisbundnum hætti um viðkomandi. Greinargerðirnar veita mikilvægar upplýsingar um skjalamyndara og nýtast vel við frekari rannsóknir og miðlun skjala á heimildavef safnsins.

Á árinu voru möguleikar á frekari birtingu á greinargerðum skoðaðir, þ.e. birting greinargerða samhliða birtingu skjalaskráa. Þessi birting mun einfalda yfirsýn yfir skjalasöfn og samhengi milli skjalamyndara og afhendinga.

Samstarf, fundir og námskeið

Það er óhætt að fullyrða að samstarf allra héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu og skil á rafrænum gagnasöfnum sé það verkefni sem stendur upp úr á árinu. Héraðsskjalaverðir komu saman á Héraðsskjalasafninu í Kópavogi 14. febrúar 2023 þar sem undirritaður var samstarfssamningur milli safnanna vegna rafrænnar skjalavörslu og rafrænna skila á gagnasöfnum sveitarfélaga, MHR, en yfirmun sjón með verkefninu var í höndum Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Kópavogs. Söfnin voru um leið í samstarfi við NEA, en það samstarf tekur til kortlagningar á rafrænum gagnasöfnum, ráðgjafar vegna kortlagningar, tilkynninga, móttöku og prófana á rafrænum gagnasöfnum. Rafræn gagnasöfn verða hýst á Íslandi.

Söfnin unnu í sameiningu að gerð gátlista vegna yfirlitsgerðar og kortlagningar á rafrænum gagnasöfnum og skoðað var með hvaða hætti söfnin gætu í sameiningu útbúið gagnagrunn til að halda utan um kortlagningu og varðveislumat.

Þorsteinn Tryggvi skrifaði ásamt Sólborgu Unu Pálsdóttur héraðsskjalaverði Skagfirðinga skýrslu um Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu sem kom út í mars 2023. Í skýrslunni er fjallað um samstarf safnanna, þá auknu fagþekkingu sem verður til á söfnunum, kosti þess að héraðsskjalasöfnin og sveitarfélögin sinni þessu verkefni í sameiningu en með þeim hætti er hægt að byggja upp og styðja enn frekar við þekkingu starfsfólks, jafna aðgengi að tæknilegri ráðgjöf og þjónustu og lækka kostnað.

Í maí 2023 kom út skýrsla um starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna sem Þorsteinn Tryggvi ásamt Sólborgu Unu og Erlu Dís Sigurjónsdóttur, héraðsskjalaverði á Akranesi, tóku saman. Í skýrslunni er greint frá ávinningi af starfsemi héraðsskjalasafna, sem er þjónusta við stjórnsýslu, stuttar boðleiðir, þjónusta við samfélagið, mikilvægi þess að skjöl séu varðveitt í heimabyggð, stuðningur safnanna við stafræna þróun sveitarfélaga, öflugt samstarf skjalasafna og sveitarfélaga sem styður við þekkingarsamfélagið og sá fjárhagslegi ávinningur sem fylgir rekstri safnanna. Þá sótti starfsfólk vörðstefnu Þjóðskjalasafns sem haldin var í maí.

Samráðshópur um varðveislu einkaskjalasafna sem Þorsteinn Tryggvi var skipaður í fundaði ekki en fulltrúar í samráðshópnum ræddu sín á milli um verkefni hópsins, en þau tengjast aðfangastefnum, átaksverkefnum um söfnum einkaskjalasafna, miðlun upplýsinga um einkaskjalasöfn á vef o.fl. Í hópnum eru tveir fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands, tveir héraðsskjalaverðir auk fulltrúa frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Héraðsskjalasafn Árnesinga hefur verið með sérstaka aðfanga og vörslustefnu frá 2017. Ný endurskoðuð stefna tók gildi 1. janúar 2022 og gildir í fjögur ár.

Starfsfólk sótti ráðstefnu Félags héraðsskjalavarda á Íslandi sem haldin var á Ísafirði 28. og 29. september. Guðmunda Ólafsdóttir flutti erindi um skjalavistunaráætlanir, grisjun og samstarf safnsins við leik- og grunnskóla vegna varðveislumats á ákveðnum skjalaflokkum. Skólarnir sóttu sameiginlega um

Skjalaskrár
aðgengilegar
á vef safnsins



grísjun á ákveðum skjölum og stýrði safnið þeirri vinnu. Samvinna safnsins og skólanna einfaldaði vinnu við frágang, skráningu og afhendingu skjala þeirra á safnið. F. Elli Hafliðason fjallaði um móttöku á einkaskjölum, siðareglur Alþjóða Skjalaráðsins og þá fyrirvara sem safnið setur á móttöku einkaskjala, s.s. móttöku á ljósritum af skjölum sem þegar eru í vörslu opinberra skjalasafna og hreinsun samhliða skjalaskráningu. Þorsteinn Tryggvi gerði grein fyrir rekstri MHR, móttöku rafrænna afhendinga og aðgengi að vörsluútgáfum. Staða og framtíð héraðsskjalasafna var ráðstefnugestum ofarlega í huga sem og netöryggismál og snérust fyrirlestrar og málsstofur ráðstefnunnar um stöðu safnanna í nútíð og framtíð.


Á fundi opinberra skjalasafna sem haldinn var í húsakynnum Þjóðskjalasafns Íslands 4. desember flutti Þorsteinn Tryggvi erindi um samstarf héraðsskjalasafna um langtímavörslu rafrænna gagnasafna sveitarfélaga og MHR. Þar var greint frá því sem áunnist hefur á árinu, þ.e. móttöku fimm afhendinga sem hægt er að afgreiða úr hjá viðkomandi héraðsskjalasöfnum, kortlagningu rafrænna gagnasafna, hlutverki MHR og hlutverki NEA og þeirri stoðþjónustu sem það veitir héraðsskjalasöfnum.

Starfsfólk tók einnig þátt í ýmsum námskeiðum sem snertu aðgengi og afgreiðslu á grundvelli upplýsingaréttar, rafræn gagnasöfn og aðferðafræði NEA o.fl. auk þess að funda með starfsfólki héraðsskjalasafna og sveitarfélaga vegna afhendinga, skráningar og vörslu á pappírs- og rafrænum gagnasöfnum.

F. Elli Hafliðason, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs og Guðmunda Ólafsdóttir á leið á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarda á Íslandi sem haldin var á Ísafirði.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2023

	Skjalasafn 2023	Áætlun 2023	Skjalasafn 2022
Rekstrartekjur			
Héraðsnefnd Árnesinga bs.	44.000.000	44.000.000	35.000.000
Sv. Árborg styrkur	1.650.000	1.650.000	1.500.000
Aðrar tekjur	20.156.318	13.170.000	18.551.907
Samtals:	65.806.318	58.820.000	55.051.907
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	41.631.424	48.020.000	40.389.763
Annar rekstrarkostnaður	14.491.165	9.578.000	9.080.619
Afskriftir	364.170	615.000	364.170
Samtals:	56.486.759	58.213.000	49.834.552
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9.319.559	607.000	5.217.355
Fjármunatekjur, (fjármunagjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur	1.561.447	0	438.469
Vaxtagjöld	(1.107.025)	(600.000)	(1.184.097)
Samtals:	454.422	(600.000)	(745.628)
Rekstrarniðurstaða ársins			
Úr samþykktum ársreikningi 2023.	9.773.981	7.000	4.471.727



Titilsíða gjörðabókar fyrir Samband sunnlenskra kvenna sem stofnað var 30. september 1928. Gögn SSK voru að hluta til ljósmyndað og birt á heimildavef safnsins á árinu. Hér Árn. 1998/40 Samband sunnlenskra kvenna. Gjörðabók 1928-1933, A/1-1.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga árið 2023

2023/1 Tómas Tómasson (24.1.1895-18.6.1973), Fljótshólum. 0,06 hillumetrar – Arnar Bjarnason afhenti.

2023/2 Leikskólinn Óskaland. 0,08 hillumetrar – Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri afhenti.

2023/3 Þjóðólfur. 0,81 hillumetrar – Valgeir Ómar Jónsson formaður Framsóknarfélags Árborgar afhenti.

2023/4 Ferðafélag Árnesinga. 0,03 hillumetrar – Björg Halldórsdóttir stjórnarmaður afhenti.

2023/5 Grunnskólinn í Þorlákshöfn. 1,03 hillumetrar – Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri afhenti.

2023/6 Jón Kjartansson (31.10.1919-24.1.1984), ljósmyndir. 0,03 hillumetrar – Jón Ágúst Jónsson afhenti.

2023/7 Svanur Kristjánsson (11.2.1937-10.8.2011). 0,83 hillumetrar – Páll Kristján Svansson afhenti.

2023/8 Þjótandi, ljósmyndir. 0,03 hillumetrar – Guðmundur Einarsson afhenti.

2023/9 Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. 2,43 hillumetrar – Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi afhenti.

2023/10 Guðjón Ólafsson (1.8.1903-24.12.1985) og Björg Árnadóttir (3.4.1906-29.9.1988), Stóra-Hofi. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson forstöðumaður afhenti.

2023/11 Búnaðarfélag Hraungerðishrepps. 0,55 hillumetrar – Baldur I. Sveinsson afhenti.

2023/12 Soffia Túbalsdóttir (22.01.1902-20.06.1997), ljósmyndir. 0,03 hillumetrar – Hörður Björgvinsson afhenti.

2023/13 Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. 1,61 hillumetrar – Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri afhenti.

2023/14 Sigurjón Erlingsson (12.10.1933-). 0,06 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson afhenti.

2023/15 Engilbert Þórarinnsson (4.8.1922-15.10.2010). 0,03 hillumetrar – Helga Frímansdóttir afhenti.

2023/16 Skólaskrifstofa Suðurlands. 0,08 hillumetrar – Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri afhenti.

2023/17 Kerhólsskóli. 1,26 hillumetrar – Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2023/18 Myndlistarfélag Árnessýslu. 0,08 hillumetrar – Pjetur Hafstein Lárusson afhenti.

2023/19 Ljósmyndir. 0,03 hillumetrar – Sigurbjörn Bjarnason afhenti.

2023/20 Helgi Kristbergur Einarsson (07.10.1921-26.07.2004), Hjarðarlandi. 0,06 hillumetrar – Helga Lilja Bergmann afhenti.

2023/21 Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. 9,36 hillumetrar – Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi afhenti.

2023/22 Félagsheimilið Þjórsárver. 1,39 hillumetrar – Valdimar Össurason afhenti.

2023/23 Byggingarnefnd Þorlákshafnarkirkju. 0,03 hillumetrar – Ragnar Daniélfsson afhenti.

2023/24 Kvenfélag Villingaholtshrepps. 0,03 hillumetrar – Kvenfélag Villingaholtshrepps, Kristín Stefánsdóttir Hurðarbaki afhenti.

2023/25 Félag eldri borgara í Ölfusi. 0,24 hillumetrar – Félag eldri borgara í Ölfusi, Halldór Sigurðsson formaður afhenti.

2023/26 Páll Magnús Skúlason (30.12.1953-). 0,03 hillumetrar – Páll Magnús Skúlason afhenti.

2023/27 Jón Árnason (23.10.1835-4.11.1912), Þorlákshöfn. 0,03 hillumetrar – Bjarnfinnur Ragnar Jónsson afhenti.

2023/28 Eiríkur Einarsson (22.10.1898-11.8.1990). 0,06 hillumetrar – Stefán Guðmundsson afhenti.

2023/29 Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn. 0,43 hillumetrar – Efling stéttarfélag afhenti.

2023/30 Ölfushreppur. 0,08 hillumetrar – Ölfushreppur, Sandra Dís Hafþórsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýsluviðs afhenti.

2023/31 Skálmholt landamerki og örnefni. 0,03 hillumetrar – Brynhildur Tómasdóttir afhenti.

2023/32 Sandvíkurskóli. 0,40 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur H. Gunnarsson aðstoðarskólastjóri afhenti.

2023/33 Vallaskóli. 0,27 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur H. Gunnarsson aðstoðarskólastjóri afhenti.

2023/34 Sólvallaskóli. 3,03 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur H. Gunnarsson aðstoðarskólastjóri afhenti.

2023/35 Gagnfræðaskólinn á Selfossi. 0,16 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur H. Gunnarsson aðstoðarskólastjóri afhenti.

2023/36 Guðjón Jónsson (21.6.1876-6.5.1961) og Margrét Hafliðadóttir (5.9.1887-10.10.1952), Stærribæ. 0,03 hillumetrar – Jóhanna Hafliðadóttir afhenti.

2023/37 Háskólafélag Suðurlands. 0,08 hillumetrar/ 45,7 GB – Háskólafélag Suðurlands, Ingunn Jónsdóttir afhenti.

2023/38 Reykholtsskóli. 1,7 hillumetrar – Reykholtsskóli, Lára B. Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2023/39 Bókasafn Biskupstungna. 0,05 hillumetrar – Reykholtsskóli, Lára B. Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2023/40 Rannveig Pálsdóttir (25.5.1935-), Stóru-Sandvík. 0,03 hillumetrar – Rannveig Pálsdóttir afhenti.

2023/41 Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri. 1,19 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir skólastjóri afhenti.

2023/42 Steinunn Þorsteinsdóttir (21.4.1857-9.1.1932), Efri-Brú. 0,03 hillumetrar – Steinunn Þórarinsdóttir afhenti.

2023/43 Arndís Erlingsdóttir (2.7.1932-28.1.2023). 0,18 hillumetrar – Ragnar Geir Brynjólfsson afhenti.

2023/44 Einar Valberg Sigurðsson (9.2.1930-7.2.2003). 0,08 hillumetrar – Stefán Guðmundsson afhenti.

2023/45 Helga Kristinsdóttir (30.9.1939-). 0,03 hillumetrar – Tómas Jónsson afhenti.

2023/46 Leikskólinn Álfheimar. 0,83 hillumetrar – Leikskólinn Álfheimar, Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri afhenti.

2023/47 Matthías Ingibergsson (21.2.1918-28.6.2000). 0,03 hillumetrar – Guðrún Edda Matthíasdóttir afhenti.

2023/48 Benedikt Thorarensen (1.2.1926-26.1.2008) og Guðbjörg Magnúsdóttir Thorarensen (16.4.1923-21.6.2015). 0,08 hillumetrar – Ragnar Daniélfsson afhenti.

2023/49 Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. 0,11 hillumetrar – Harpa Dís Harðardóttir, Björnskoti, afhenti.



- 2023/50 Inner Wheel Ísland, umdæmi 136. 0,21 hillumetrar – Inner Wheel Ísland, Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri afhenti.
- 2023/51 Barnaskóli Selfoss. 0,03 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur H. Gunnarsson aðstoðarskólalastjóri afhenti.
- 2023/52 Bláskógabyggð. 10,0 hillumetrar áætlað – Bláskógabyggð, Sigurrós H. Jóhannsdóttir sviðsstjóri stjórnslusviðs afhenti.
- 2023/53 Hitaveita Reykhólts. 1,0 hillumetri áætlað – Bláskógabyggð, Sigurrós H. Jóhannsdóttir sviðsstjóri stjórnslusviðs afhenti.
- 2023/54 Hitaveita Laugarvatns. 1,0 hillumetri áætlað – Bláskógabyggð, Sigurrós H. Jóhannsdóttir sviðsstjóri stjórnslusviðs afhenti.
- 2023/55 Biskupstungnaveita. 1,0 hillumetri áætlað – Bláskógabyggð, Sigurrós H. Jóhannsdóttir sviðsstjóri stjórnslusviðs afhenti.
- 2023/56 Sigurður Kristjánsson (26.2.1896-20.9.1977) og Jóhannes Kristjánsson (17.11.1901-6.2.1986). 0,03 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson safnstjóri afhenti.
- 2023/57 Eyjólfur Eyjólfsson (3.7.1902-14.8.1966), skósmiður. 0,06 hillumetrar – Eyjólfur Eyjólfsson afhenti.
- 2023/58 Heiðursmannafélagið. 0,03 hillumetrar – Ólafur Sigurðsson afhenti.
- 2023/59 Gunnar Vigfússon (13.10.1902-6.2.1980). 0,11 hillumetrar – Ása K. Karlsdóttir afhenti.
- 2023/60 Inner Wheel Selfoss. 0,19 hillumetrar – Inner Wheel Ísland, Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri afhenti.
- 2023/61 Bláskógaskóli Laugarvatni. 0,93 hillumetrar – Bláskógaskóli Laugarvatni, Íris Anna Steinarssdóttir skólalastjóri afhenti.
- 2023/62 Hjálparveit skáta Hveragerði. 0,08 hillumetrar – Sigurbjörn Bjarnason afhenti.

Skjöl lögregluembættanna á Suðurlandi en starfsfólk safnsins vann að skráningu skjalanna í verktöku.

- 2023/63 Hestamannafélagið Sleipnir. 0,03 hillumetrar – Íris Böðvarsdóttir afhenti.
- 2023/64 Félag ungra Framsóknarmanna í Árnessýslu. 0,03 hillumetrar – Íris Böðvarsdóttir afhenti.
- 2023/65 Skógræktarfélag Sandvíkurhrepps. 0,03 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.
- 2023/66 Páll Lýðsson (7.10.1936-8.4.2008), Litlu-Sandvík. 0,78 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.
- 2023/67 Skeiða og Gnúpverjahreppur. 0,08 hillumetrar/ 15,02 GB – Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Haraldur Jónsson sveitarstjóri afhenti.
- 2023/68 Unnur Þórðardóttir (15.4.1922-7.3.2006) og Ólafur Steinsson (1.5.1917-24.3.2010). 0,14 hillumetrar – Steinn Guðmundur Ólafsson afhenti.
- 2023/69 Héraðssambandið Skarphéðinn. 0,06 hillumetrar – Héraðssambandið Skarphéðinn, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri afhenti.
- 2023/70 Sveitarfélagið Árborg. 1,21 hillumetri – Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2023/71 Selfossveitur. 1,06 hillumetri – Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2023/72 Selfosskaupstaður. 0,37 hillumetrar – Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2023/73 Eyrarbakkaheppur. 0,3 hillumetrar – Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2023/74 Sandvíkurhreppur. 0,06 hillumetrar – Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2023/75 Stokkseyrarhreppur. 0,08 hillumetrar – Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2023/76 Sandvíkurhreppur. 0,06 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.
- 2023/77 Guðbjörg Jóna Þorgrímsdóttir (6.1.1905-22.11.1988). 0,06 hillumetrar – Magnús Sigurðsson afhenti.
- 2023/78 Sigurður Auðunsson (21.12.1912-13.12.1999). 0,06 hillumetrar – Sigurbjörn Bjarnason afhenti.
- 2023/79 Sauðfjárræktarfélagið Dalur. 0,06 hillumetrar – Kjartan Lárusson afhenti.
- 2023/80 Kjartan Bjarnason (4.11.1891-11.5.1939), Austurey. 0,03 hillumetrar – Kjartan Lárusson afhenti.
- 2023/81 Lögmenn Suðurlandi, Ólafur Björnsson hrl. 0,08 hillumetrar – Lögmenn Suðurlandi, Hafdís Edda Sigfúsdóttir móttökuritari afhenti.
- 2023/82 Áveitan. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi afhenti.
- 2023/83 Pési - Fréttabréf Hrunamannahrepps. 0,03 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.
- 2023/84 Hvatarblaðið. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.
- 2023/85 Gaukurinn - Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2023/86 Bláskógafréttir. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.
- 2023/87 Eyrarbakkaheppur. 0,06 hillumetrar – Inga Lára Baldvinsdóttir afhenti.
- 2023/88 Lefoliiverslun. 0,06 hillumetrar – Inga Lára Baldvinsdóttir afhenti.
- 2023/89 Héraðsnefnd Árnesinga. 0,03 hillumetrar – Ari Björn Thorarensen afhenti.



Héraðsskjalasafn Árnesinga

myndasetur.is • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
Austurvegi 2 • 800 Selfoss • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

Afgreiðslutími: Mánudaga til föstudaga kl. 09:00 – 16:00
Miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins:

Gestur Þór Kristjánsson stjórnarformaður

Brynhildur Jónsdóttir

Jón Bjarnason

Fastráðnir starfsmenn safnsins:

Þorsteinn Tryggvi Mátsson héraðsskjalavörður
thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Guðmunda Ólafsdóttir skjalavörður
gudmunda@heradsskjalasafn.is

F. Elli Hafliðason skjalavörður
elli@heradsskjalasafn.is